

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 261/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/476 frá 16. mars 2021 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir harðar klæðningar <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/476 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB) í XX. viðauka:

„**32021 D 0476**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/476 frá 16. mars 2021 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir harðar klæðningar (Stjtið. ESB L 99, 22.3.2021, bls. 37).“

*2. gr.*

Texti ákvörðunar (ESB) 2021/476, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 99, 22.3.2021, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 21.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Rolf Einar Fife***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING